

Í ágúst 2025 hóf Rio Tinto á Íslandi verkefnið „Voconiq Local Voices“ sem er viðhorfsskönnun í nærsamfélaginu. Verkefnið gengur út á að skilja sem best aðstæður og forgangsverkefni í samfélaginu og ná utan um viðhorf og traust til fyrirtækisins. Alger trúnaður ríkir um svör þeirra sem tóku þátt og fara eingöngu til Voconiq sem heldur utan um rannsóknina. Í þessu yfirliti má sjá helstu niðurstöður. Rio Tinto á Íslandi mun leitast við að nýta niðurstöðurnar til að þróa enn frekar starfsemiina í sátt við umhverfi og samfélag. Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt.


Traust og sátt gagnvart Rio Tinto á Íslandi

Samfélagið gefur fyrirtækinu einkunnina **3,68** og **4,01** þegar horft er til hversu sátt fólk er við fyrirtækið og hvaða traust er borið til starfsemi þess.

Treysti því að fyrirtækið starfi á ábyrgan hátt



Hversu sátt(ur) ertu við Rio Tinto á Íslandi



Sex þættir sem drífa áfram traust og sátt um starfsemiina



Hlusta og bregðast við ábendingum samfélagsins



Fari eftir og bæði innri og ytri kröfum til að tryggja gæði starfseminnar



Jákvætt efnahagslegt framlag



Mótvaegisaðgerðir vegna umhverfisáhrifa starfseminnar



Aðgerðir til að hafa áhrif á vatn og vatnsgæði



Sanngjörn dreifing ávinninga af starfsemi fyrirtækisins

Styrkleikar og tækifæri fyrir Rio Tinto á Íslandi

Ef rýnt er nánar í niðurstöður könnunarinnar má sjá ýmsa þætti þar sem þátttakendur eru jákvæðir gagnvart fyrirtækinu og aðra þætti þar sem birtast möguleg tækifæri til umbóta.



Jákvæð efnahagsleg áhrif

78% eru sammála því að fyrirtækið hafi jákvæð efnahagsleg áhrif á nærsamfélagið. **76%** eru sammála því að starfsemin auki velmegun á svæðinu.



Tækifæri til að hafa áhrif

23% telja að þau hafi ekki möguleika til að hafa áhrif á þær ákvarðanir fyrirtækisins sem hafa áhrif á samfélagið. **45%** voru hlutlaus.



Dreifing ávinninga

61% telja að samfélagið fái sanngjarna hlutdeild í ávinningi af starfsemi fyrirtækisins. **8%** eru hlutlaus eða óviss.



Innri stefnur og verkferlar og ytra regluverk

62% eru sammála því að innri stefnur og verkferlar tryggi framúrskarandi starfsemi. **60%** eru sammála því að ytri lög og reglur tryggi að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur.



Umhverfisáhrif

64% eru sammála því að fyrirtækið vinni að því að vernda sitt nærumhverfi. **71%** eru ósammála því að fyrirtækið hafi neikvæð áhrif á vatnsgæði.



Fjárfesting í samfélaginu

71% eru sammála því að fjárfestingar fyrirtækisins í samfélaginu hafi jákvæð áhrif. **23%** eru hlutlaus eða óviss.

Viðhorfsskönnun Rio Tinto: Helstu niðurstöður

Samskipti við Rio Tinto á Íslandi



36%

Hafa verið í sambandi við Rio Tinto á Íslandi á síðustu sex mánuðum.



94%

Hafa jákvæða upplifun af samskiptum við starfsfólk Rio Tinto á Íslandi.



55%

Þekkja hvernig eigi að hafa samband við fyrirtækið varðandi hvers kyns upplýsingar eða atvik.



Sátt og vellíðan í samfélaginu

88%

Upplifa sig örugg í samfélaginu.

73%

Eru sátt við möguleika sína til að hafa efni á þeim lífstíl sem þau kjósa.

72%

Eru jákvæð gagnvart framtíðartækifærum.

47%

Eru sátt við sína heilsu og velferð og þá þjónustu sem býðst í samfélaginu. 25% eru ekki ánægð.

30%

eru sátt við samgöngur og samgönguinnviði í samfélaginu. 34% eru ósátt.

Loflagsbreytingar og aðgerðir



84%

Eru sammála því að mikilvægt sé að fyrirtækið fjárfesti í aðgerðum til að draga úr áhrifum loftlagsbreytinga.



66%

Telja að fyrirtækið sé tilbúið í aðgerðir til að berjast gegn loftlagsbreytingum. 27% eru hlutlaus eða óviss.



58%

Eru meðvituð um hvernig fyrirtækið er að bregðast við til að draga úr áhrifum vegna loftlagsbreytinga. 33% eru óviss eða hlutlaus.

Næstu skref

Stefnt er að því að könnunin verði endurtekin að ári en hún verði styttri. Árlegar kannanir eru hannaðar með það fyrir augum að fylgjast vel með því hvað skiptir hagsmunaaðila okkar mestu máli. Ef þú hefur tekið þátt eða skráð þig til þátttöku munt þú sjálfkrafa fá boð um að taka þátt. Hér er hægt að skrá sig:

voconiqlocalvoices.com/riotinto/iceland



RioTinto


Í hnotskurn



430

þátttakendur

Kyn



karlar

konur

72%

Hafa búið í nærsamfélaginu í meira en 10 ár

55%

hafa aldrei unnið fyrir Rio Tinto á Íslandi

Styrkir



1,000,000 kr.

Var veitt í styrki til eftirfarandi hópa sem þakklætisvott fyrir þátttöku í Viðhorfsskönnuninni:

- Björgunarsveit Hafnarfjarðar
- Alzheimer samtökin
- Parkinson samtökin

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
Þín rödd skiptir máli



Næsta könnun er áætluð haustið 2026